

**26. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði, 15. júní 2017 og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurvin Hreiðarsson (SH), formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM), aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI), aðalmaður, Árni Traustason (ÁT), byggingafulltrúi og Elfar Steinn Karlsson (ESK), embættismaður.

**Fundargerð ritaði:** Elfar Steinn Karlsson,

**Dagskrá:**

**1. Miðtún 1. Breytt notkun og skráning. - 1705040**

*Lagt fram bréf frá Skerplu ehf. þar sem óskað er eftir breyttri notkun húsnæðis við Miðtún 1. Breytt notkun felur í sér að breyta stofnanalóð yfir í íbúðarlóð.*

*Að mati nefndarinnar er ekki talið að umrædd breyting á notkun hafi áhrif á hagsmuni nærliggjandi lóðarhafa þar sem lóðin er umvafin íbúðarbyggð og ekki sé þörf á að grenndarkynna breytinguna.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið.*

**2. Móatún 13. Umsagnarbeiðni, gististaður í fl. II. - 1705045**

*Lagt fram bréf frá sýslumanninum á Vestfjörðum dags. 18.05.17 með ósk um umsögn um útgáfu gistileyfis fyrir gististað í flokki II að Móatúni 13, Tálknafirði að hámarki 10 gestir.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis sé húsnæðið í samræmi við samþykktu uppdrætti og felur byggingarfulltrúa að ganga úr skugga um að svo sé. Húsið stendur í skilgreindu íbúðarhverfi.*

**3. Deiliskipulag - Þinghóll. - 1706010**

*Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi Þinghóls, skipulag frístundabyggðar og þjónustulóðar á milli Hólsár og skólasvæðis, dagsett 17.05.2017.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum og sendar voru á sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa. Nefndin felur skipulagsfulltrúa að leita umsagnar og auglýsa hana skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sigurvin Hreiðarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

**4. Norður-Botn. Umsókn um byggingarleyfi. - 1706009**

*Erindi frá Shiran Þórisssyni f.h. Arctic Smolt, kt.600212-2570. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir stækkun á húsi H3 í Norður-Botni, landnr.140294, matshl.06. Erindinu fylgja upprættir unnir af Vigfúsi Halldórssyni, dags. 25.03.2017.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd frestar erindinu og kallar eftir skýrari gögnum. Nefndin óskar eftir afstöðumynd sem og skýrari afmörkun á stækkun hússins.*

**5. Aðalskipulagsbreyting - Deiliskipulag Flóðvarnargarður og íbúðarbyggð ofan Strandgötu. - 1706011**

*Tekin fyrir tillaga að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018. Greinargerð og uppráttur dagsett 31. maí 2017. Breytingar á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps eru í þremur liðum:*

- 1. Breyting á landnotkun í útjaðri þéttbýlis, óbyggð svæði verða að opnu svæði til sérstakra nota.*
- 2. Breyting á stærð og afmörkun hafnarsvæðis.*
- 3. Stækkun þéttbýlismarka.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að tillögunni verði vísað til forkynningar í samræmi við 2. mgr. 30.gr. skipulagslaga nr.123/2010.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30.**

---

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

---

Aðalsteinn Magnússon (AM)

---

Lilja Magnúsdóttir (LI)

---

Árni Traustason (ÁT)

---

Elfar Steinn Karlsson (ESK)

---